Fundargerð 20. fundar stjórnar Minjasafnsins á Akureyri 30. mars 2021

Haldinn í norðursal Minjasafnsins kl. 15:30.

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, formaður, Elísabet Ásgrímsdóttir, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Sigríður Rósa Sigurðardóttir og Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri.

1. Fundargerð fyrri fundar yfirfarin og undirrituð.

2. Fjárhagsmál

Lögð fram til kynningar bókhaldsleg staða ársins 2020.

3. Starfsmannamál.

Formaður og safnstjóri áttu fund með Dan J. Brynjarssyni sviðsstjóra fjársýslusviðs og Höllu Margréti Tryggvadóttur sviðstjóra stjórnsýslusviðs vegna álits stjórnar lífeyrissjóðsins Brúar sem hefur hafnað aðild starfsmanna safnsins að A-deild sjóðsins. Í kjölfar fundarins var óskað eftir áliti Ingu Þallar Þórgnýsdóttur bæjarlögmanns.

Farið var yfir álit bæjarlögmanns sem gerir ekki athugasemd við álit lífeyrissjóðsins.

4. Aðalfundur 2021.

Samþykkt að Deloitte verði falið að endurskoða reikninga safnsins.

Aðalfundur safnsins verður 27.maí eða 2. júní kl. 15 í norðursal Minjasafnsins á Akureyri.

Safnstjóra falið að senda fundarboð og undirbúa fundinn.

5. Starfsemi sumarið 2021

Verið er að skoða öll úrræði sem verða í boði, hefjum störf, sumarstörf námsmanna.

Þá verður opnunartíma safnanna í sumar að líkindum breytt. Þannig verður opið 11-17 í Minjasafninu, Nonnahúsi og Laufási, leiðsagnir kl. 13,14 og 15 í Davíðshúsi eins og áður en Leikfangahúsið verður opið 13-17. Gert er ráð fyrir að sumarstarfið hefjist 7. júní.

6. Önnur mál.

Safnið á í samstarfi við Akureyrarstofu á samfélagsmiðlum um birtingu gamallar ljósmyndar hvern miðvikudag.

Hætta þurfti við viðamikla dagskrá um páskana sökum Covid-19 aðgerða en opið verður í Minjasafninu alla páska.

Formaður stjórnar sagði að von væri á mennta- og menningarmálaráðherra á næstu vikum sem hefði áhuga á starfi skáldasafnanna.

Fundi slitið 17:21

Fundargerð ritar HÞE